

BRÁÐABIRGÐALÖG

1

9. jan.

um viðauka við lög nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð ráðuneytinu, að brögð séu að því, að hérlendir menn kaupi vörur af hermönnum, sem eru í herliði því, sem hefst hér við, og taki við vörum að gjöf af þeim, en í lögum séu ekki fyrir-mæli, sem beinlínis banni slík viðskipti eða gjafir og ákveði hegningu, ef slíkt eigi sér stað.

Með því að ráðuneytið álitur, að brýna nauðsyn beri til, að setja lög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar til þess að sporna við umgetnu framferði, sem er til tjóns bæði fyrir ríkissjóðinn og verzlunaratvinnu í landinu, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Á eftir 1. málsg. 36. gr. laganna komi ný málsgrein, sem verður önnur málsgrein, svo hljóðandi:

Það varðar sektum eða varðhaldi eða hvorttveggju að eiga kaup eða skipti um vörur, sem hermenn, sem tilheyra herflokkum eða herskipum, sem hér eru, bjóða fram eða þeir hafa undir höndum, og að taka við slíkum vörum að gjöf frá þeim, svo og að taka að sér að selja slíkar vörur fyrir þá, enda liggi ekki fyrir, er viðskiptin fara fram eða gjöfin þegin, fullar sannanir fyrir því, að aðflutningsgjöld hafi verið greidd af vörunum og fullnægt hafi verið öðrum almennum innflutningsskilyrðum.

2. gr.

Við 3. málsgrein 36. gr., sem verður fjórða málsgrein 36. gr., bætist: svo og vörur, sem eru fengnar á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í 2. málsgrein þessarar greinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. janúar 1941.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson.

Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Jakob Möller.